

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 38 29. apríl 1967, um breyting á lögum nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Útflutningsgjald af loðnumjöli og loðnulýsi skv. 2. grein laganna skal ekki greitt af framleiðslu ársins 1968.

Gjört í Reykjavík, 2. maí 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 62 21. apríl 1962, um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Síldarútvegsnefnd skipuleggur og hefur eftirlit með verkun saltaðrar síldar, svo og með útflutningi hennar, eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Nefndin skal skipuð átta mönnum til þriggja ára í senn, sem hér segir: Sameinað Alþingi kýs þrjú menn hlutfallskosningu, en ráðherra skipar fimm menn, eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands, Landssambands ísl. útvegsmanna, Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi, Félags síldarsaltenda á Suðvesturlandi og einn eftir sameiginlegri tilnefningu tveggja síðast greindra félaga. Varamenn skulu kosnir og tilnefndir á sama hátt. Vanræki aðili tilnefningu aðalmanns eða varamanns í nefndina, skipar ráðherra þá án tilnefningar.

Ráðherra skipar formann og varaformann nefndarinnar úr hópi hinna þingkjörnu nefndarmanna, til eins árs í senn.

Séu atkvæði jöfn við atkvæðagreiðslu í nefndinni, ræður atkvæði formanns úrslitum.

Heimili síldarútvegsnefndar, varnarþing og aðalskrifstofa skal vera á Siglufirði, en nefndin skal einnig hafa skrifstofur í Reykjavík og á Austurlandi.

Nefndin ræður sér starfsfólk.

Ráðherra ákveður laun nefndarmanna, og greiðast þau af tekjum nefndarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. maí 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.